



Menningar- og ferðamálasvið

Málsnr.: *R18060020*
Skjalasafn Ráðhúss
13. ágú. 2018
Bréfalykill: *13056*
Reykjavík, 2. ágúst 2018

RMF17120004
0.10.3

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Menningar- og ferðamálasvið

Umsögn um tillögu um að Reykjavíkurborg standi fyrir hátíðahöldum 1. desember nk. í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands

Á fundi borgarstjórnar þann 5. júní 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að standa fyrir hátíðahöldum og dagskrá þann 1. desember nk. í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands. Skólar, menningarstofnanir auk annarra stofnanna vinni að dagskránni í sameiningu og móti tillögur um hvernig þessara tímamóta verði minnst á sómasamlegan hátt. Menningar- og ferðamálasviði og skóla- og frístundasviði verði falið að leiða vinnuna.

Umsögn:

Með erindi frá Skrifstofu borgarstjórnar, þann 27. júní, var óskað eftir umsögn menningar- og ferðamálasviðs (MOF) um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg standi fyrir hátíðahöldum og dagskrá þann 1. desember nk. í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands.

Í fyrstu ber að geta þess að Listasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafnið, Barnamenningarhátíð Reykjavíkur og Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO, hafa með öflugum hætti tekið þátt í dagskrá aldarafmælis fullveldis Íslands á árinu og hlutu til þess styrki úr sjóði afmælisnefndar sem Alþingi samþykkti að koma á fót í tilefni tímamótanna. Tilmæli afmælisnefndarinnar voru að dagskráratriði yrðu allt árið um kring og voru fullveldisverkefni borgarinnar tímasett með hliðsjón af þeim óskum.

Lögð voru drög að þessum fullveldisverkefnum á vegum Reykjavíkurborgar við gerð starfs- og fjárhagsáætlana Menningar- og ferðamálasviðs á síðasta ári og sótt var um styrki úr fyrrgreindum sjóði á haustmánuðum. Styrkjunum var svo úthlutað í byrjun desember og þannig var hægt að brúa ákveðið bil í útlögðum kostnaði, sem rúmaðist að öðru leyti innan fjárhagsramma sviðsins.

Umrædd verkefni eru af ýmsum toga. Listasafn Reykjavíkur setti til að mynda upp, fyrr á árinu, sýningu í Hafnarhúsinu á verkum valinkunnra danskra samtímalistamanna, sem bar heitið: *Tak í lige máde*. Sýningunni var fylgt úr hlaði með fjölbreyttri dagskrá og komu m.a.

dönsku listamennirnir til landsins og tóku þátt í viðburðum. Á yfirstandandi sýningu safnsins í Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum er sjónum hins vegar beint að íslenskri myndlist á fullveldistímanum. Þar er sjálfsmynd Þjóðarinnar skoðuð í gegnum verðmætamat Íslendinga þegar litið er til hálendisins. Sú sýning heitir: *Einskismannsland – Ríkir þar fegurðin ein?* Á haustmánuðum verður málþing um efni hennar og nemendum grunnskóla Reykjavíkur boðið á sýninguna svo þau geti kynnst íslenskri myndlist á fullveldistímanum.

Á vegum Borgarsögusafns, og í samstarfi við Þjóðminjasafnið, var í einu elsta húsi borgarinnar við Aðalstræti 10 opnuð í vor ljósmyndasýningin Reykjavík 1918. Þar má sjá ljósmyndir af Reykvíkingum á fullveldisárinu. Sýningin stendur enn yfir. Í Árbæjarsafni verður aukinheldur í þessum mánuði boðið upp á leikrænar leiðsagnir undir heitinu: Á sunnudögum er töluð danska. Munu gestir þar hitta fyrir fulltrúa fullveldissinna og konungssinna.

Á vegum Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur á vormánuðum unnu listamenn að því með skólabornum að semja rapplag um Ísland og leiðina til fullveldis og þá hefur Bókmenntaborgin Reykjavík skipulagt ritmiðjur fyrir ungt fólk um allt land þar sem unnið verður út frá þemanu um fullveldið. Til stendur að sýna afraksturinn á Lestrarhátíð Reykjavíkur í haust.

Við þessa upptalningu má bæta að Listahátíð í Reykjavík, sem fram fór í sumarbyrjun og styrkt er til jafns af Reykjavíkurborg og ríki, lagði mikla áherslu á fullveldisárið í dagskrá sinni. Má þar helst nefna verkefnið R1918 sem náði hámarki með eftirminnilegum þátttökugjöfningi víða um Reykjavík í júní þar sem borgarar klæddu sig í gervi Reykvíkinga frá fullveldisárinu.

Menningar- og ferðamálasvið og þar með menningarstofnanir og verkefni sem heyra undir það, gerði ekki í starfs- og fjárhagsáætlun þessa árs, ráð fyrir frekari vinnu eða útgjöldum til annarra verkefna tengdum fullveldisárinu en hér að ofan hafa verið nefnd. Ljóst er þó að afmælisárinu er sýndur mikill sómi enda verkefnin metnaðarfull og fjölbreytt.

Því má bæta við að sviðið hefur verið í ágætu samstarfi við verkefnisstjóra fullveldishátíðarinnar 1. desember, Kolbrúnu Halldórsdóttur, en hún var sem kunnugt er ráðin fyrir á árinu af forsætisráðuneytinu til að skipuleggja hátíðahöld á sjálfum fullveldisdeginum.

Menningarstofnanir borgarinnar eru að skoða möguleikann á því að taka þátt í þeirri dagskrá með einhverjum hætti. Til dæmis með því að endurgera hina frægu ljósmynd Magnúsar Ólafssonar, sem tekin var af hátíðarathöfn fyrir framan stjórnarráðið, 1. desember 1918, svo framarlega sem það verkefni henti dagskrá fullveldisdagsins og rúmist innan fjárhagsramma Menningar- og ferðamálasviðs.

Sviðið tekur að sjálfsögðu vel í allar aðrar tillögur en bendir jafnframt á að fyrirvarinn er ansi stuttur, sé vilji til þess að hafa dagskrána enn umfangsmeiri og að svigrúmið í fjárhagsáætlun MOF og mannahaldi því lítið sem ekkert.

Virðingarfyllt


Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs